



13. nóvember 2023

Tilv.: 2310065

Dreifibréf nr.: 37/2023  
Til greiðsluþjónustuveitenda

**Efni: Drög að nýjum reglum um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta samkvæmt lögum um greiðsluþjónustu.**

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 16/2023 sem inniheldur drög að nýjum reglum um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta. Reglurnar verða settar með stoð í 2. mgr. 114. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 114/2021.

Í lögum um greiðsluþjónustu eru settar fram kröfur um sterka sannvottun viðskiptavina og örugg samskipti. Kröfurnar eru útfærðar nánar í reglugerð (ESB) 2018/389 um tæknilega eftirlitsstaðla varðandi sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og örugga opna staðla vegna samskipta samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/2366 (PSD2), sem er innleidd í reglur nr. 1220/2021 um sterka sannvottun viðskiptavina og almenna og opna staðla vegna samskipta í greiðsluþjónustu.

Með reglunum verður innleidd reglugerð (ESB) 2022/2360 sem breytir reglugerð (ESB) 2018/389 að því er varðar 90 daga undanþágu frá beitingu sterkrar sannvottunar fyrir aðgang að greiðslureikningum sem mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðarinnar. Með reglugerðinni er ákvæðinu breytt á þann hátt að undanþága frá beitingu sterkrar sannvottunar gildir þar til 180 dagar eru liðnir frá því viðskiptavinur auðkenndi sig síðast með sterkri sannvottun, í stað 90 daga. Þá er greiðsluþjónustuveitenda heimilt að krefjast sterkar sannvottunar þegar viðskiptavinur er að sækja reikningsupplýsingar í gegnum reikningsupplýsingaþjónustuveitanda (AISP) og greiðsluþjónustuveitandinn getur með sannanlegum hætti sýnt fram að um óheimilaða eða sviksamlega aðgangsbéiðni sé að ræða. Með gildistöku reglnanna munu falla úr gildi reglur nr. 1220/2021.

Áætlað er að íslensk þýðing reglugerðar (ESB) 2022/2360 verði birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins 16. nóvember nk.<sup>1</sup>

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölín eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>.

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 22. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [skjalasafn@sedlabanki.is](mailto:skjalasafn@sedlabanki.is).

---

<sup>1</sup> Ensk útgáfa af reglugerð (ESB) 2022/2360 er aðgengileg hér: <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2360>

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kristín Logadóttir  
staðgengill framkvæmdastjóra  
varúðareftirlit

Tjörvi Einarsson  
séfræðingur  
varúðareftirlit

